

OPIÐ BRÉF,**1**
5. jan.

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar laugardaginn 14. febrúar 1931.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar laugardaginn 14. febrúar 1931.

Um leið og Vér birtum þetta bjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugerð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gjört á Amaliuborg, 5. janúar 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.